



Minningarbekkir

Kynning í Öldungaráði 12. júní 2025

Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur 26. maí 2021

Minningarbekkir í borgarlandi, tillaga Mál nr. US210143

Lögð fram svohljóðandi tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að aðstandendur látins einstaklings geti óskað eftir að gefa minningarbekk til uppsetningar í borgarlandinu í samræmi við verklag þar um.

Einnig eru lögð fram drög að verkferli til að afgreiða óskir aðstandenda látins einstaklings um minningarbekki með formlegum hætti, dags. 5. mars 2021.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.



|
Minningarbökkir í borgarlandi.
Tillaga að verkferli.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar væru reglur og umsóknareyðublað.

Skilgreina þarf viðtakanda umsókna sem gæti t.d. verið hjá einingu afnotaleyfa á skrifstofu reksturs og umhirðu.

Hægt er að sækja um að koma fyrir minningarbekk í borgarlandinu, í garði, á opnu svæði eða með gönguleiðum. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um að koma fyrir minningarbekk í Miðborginni.

Um er að ræða hefðbundinn borgarbekk.

Á bekkinn verður settur málmskjöldur ca 7 x 16 cm með einföldum minningartexta, t.d. *Til minningar um Jón Jónsson.*

Áletrun þarf samþykki borgarinnar.



Umsóknir verða teknar fyrir á samráðsfundi framkvæmda og rekstrar sem er að jafnaði haldinn einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Farið verið yfir umsóknir og tekin afstaða til staðsetningar og áletrunar sbr. 1. og 2. hér að neðan.

Í boði eru tveir möguleikar.

1. Bekkur með gönguleiðum eða á grænu svæði þar sem bekkur er fyrir.
Þá er keyptur nýr bekkur og skipt út fyrir bekk sem er fyrir.
Samþykki þarf á samráðsfundi.
Kostnaður: bekkur+skjöldur + uppsetning. Samtals ~350 þús.kr. mysk. *
2. Bekkur með gönguleiðum eða grænu svæði þar sem ekki er bekkur fyrir.
Meta og samþykkja á samráðsfundi.
Keyptur er nýr bekkur og það gæti þurft eftir aðstæðum að setja hellupall.
Kostnaður: bekkur+skjöldur + uppsetning + eftir atvikum hellupallur.
Með hellupalli samtals ~800 þús.kr. mysk. *

Ef umsókn er samþykkt þá er verkefnið sett í framkvæmd.

(* Kostnaður áætlaður þarf að uppfæra)



Ef umsókn er samþykkt þá er verkefnið sett í framkvæmd.

(* Kostnaður áætlaður þarf að uppfæra)

Viðhald. Bekkurinn fær hefðbundið viðhald eins og hver annar bekkur.

Engin sérstök ábyrgð er á bekknum umfram aðra bekki.

Reiknað er með venjulegum líftíma bekkjarins eða um 10 ár.

Forskrift að formi fyrir umsókn:

Nafn umsækjanda: _____

kennitala: _____ sími og netfang: _____

Staðsetning á bekk sem óskað er eftir á korti: _

Texti á skjöld sem settur yrði á bekkinn. _____



- Verkefnið hefur ekki verið kynnt sérstaklega
- Fáar umsóknir
- Samráð við deildarstjóra náttúru og garða
- Hefur verið framkvæmt af skrifstofu borgarlandsins
- Ferillinn er ekki fullfrágenginn
 - koma upp móttökugátt á heimasíðu
 - ábyrgð á samskiptum við umsækjanda
 - ábyrgð á afgreiðslu



Takk!

